

Rannsóknir á fiskstofnum Blöndu 1988


Göngufiskar

Sigurður Guðjónsson og

Friðjón Már Viðarsson

Veiðimálastofnun

VMSTR/89010



VEIÐIMÁLASTOFNUN  
Vistfræðideild

Rannsóknir á fiskstofnum Blöndu 1988

Göngufiskar

Sigurður Guðjónsson og

Friðjón Már Viðarsson

Veiðimálastofnun

VMSTR/89010

### Pakkarorð

Margir lögðu hönd á plóginn við rannsóknir þessar á einn eða annan hátt. Færum við þeim bestu þakkir fyrir, þó sérstaklega þeim Bjarna Ingólfssyni, Halldóri Mariassyni, Jósef Sigvaldasyni og Ævari Þorsteinssyni.

### Inngangur

Vatnakerfi Blöndu hefur verið rannsakað frá 1982 fyrir Landsvirkjun vegna fyrirhugaðrar Blönduvirkjunar.

I aðalatriðum hafa þessar rannsóknir verið tvíþættar. Annars vegar athugun á stofnstærð göngufisks og ferðum hans um vatnakerfið sem er efni þessarar skýrslu. Hins vegar eru rannsóknir á fiskungviði og afkomu þess auk kortlaggningar á uppeldisskilyrðum (Friðjón Már Viðarsson og Sigurður Guðjónsson 1989). Auk þess hafa farið fram rannsóknir á árangri fiskræktar í vatnakerfinu (Sigurður Guðjónsson 1989).

A síðasta sumri hafa síðan bæst við rannsóknir á vötnum á Auðkúluheiði (Þórólfur Antonsson og Guðni Guðbergsson 1989).

Lýsing á staðháttum (Mynd 1) hefur komið fram í fyrri skýrslum og visast því til þeirra.

### Framkvæmd

Talning á fiski í Blöndu fór fram eins og undanfarin ár. Allur fiskur sem fer upp laxastiga í Blöndu við Ennisflúðir (2 km frá ós Blöndu) gengur í teljara. Teljarinn var starfræktur frá 2. júní til 16. september. Vitjað var um fjórum sinnum á dag, milli

klukkan 7 og 8, milli 12 og 13, milli 17 og 18 og fyrir myrkur milli 22 og 24. Vitjað var um oftar ef fiskgengd var mikil. Í úrvinnslu gagna eru súlikar aukavitjanir sameinaðar næstu reglubundinni vitjun þar á eftir.

I hverri vitjun var mældur vatnshiti og sjónsdýpi (rýni), sem er mælikvarði á magn svifaurs. Allur fiskur sem gekk í teljarann var greindur til tegunda og merktur gulum tölusettum merkjum. Lax var enn fremur kyngreindur og lengdarmældur. Hreistur var tekið af hluta laxagöngunnar til aldursgreiningar. Veiðiuggaklipptur lax var tekinn frá svo unnt væri að fá örmerki. Eftir að merki voru tekin úr var sá lax lagður inn á reikning Veiðifélags Blöndu hjá Sölufélagi Austur-Húnvetninga.

Lax veiddur í Blöndu neðan flúða var skráður í veiðibók af veiðimönnum. Stuðst var við veiðibækur þessar til að áætla heildarlaxgengd í Blöndu, svo og hlutfall kynja og hlutfall smálax (1 ár sjó) og stórlax (2 ár í sjó).

I Svartá var afli skráður í veiðibók af veiðimönnum. Veiðimenn skráðu einnig númer merktra fiska. Nánast allur afli veiðimanna í Svartá var skoðaður og leitað eftir örmerktum fiski og hreistur tekið af hluta aflans til aldursgreiningar.

Tilraunaveiði í net í Blöndudal var stunduð frá 2 bæjum. Veitt var frá því í júni og fram í september. Netaveiðimenn skráðu lengd veiddra fiska, merkisnúmer ef fiskur var merktur, tóku hreistur og kvarnir úr bleikju.

Hluti fiskgöngunnar fer upp flúðirnar framhjá laxastiganum. Sá fjöldi er áætlaður út frá hlutfalli ómerkts og merkts fisks í veiðinni ofan flúða.

### Niðurstöður

Laxaganga í teljara.

Fyrstu laxarnir komu 3. júní í teljarann (Mynd 2) en alls gengu 600 laxar um sumarið (Mynd 3) þar af voru 52 örmerktir. Einn merktur lax frá 1986 kom í teljara.

Laxgengd upp stiga ræðst af rýni, vatnsrennsli og hitastigi (Mynd 2). Nokkuð var um að fiskur hafi hrakist aftur niður flúðirnar og þá sérstaklega eftir flóð i ánni. Hluti þess fisks kom aftur í teljarann. Toppar koma í gönguna um það leiti sem mest er af stórlaxi á ferðinni fyrri hluta sumar og aftur seinni hluta sumars þegar smálax gengur hvað mest í ánni (Mynd 3).

Hængar skiluðu sér fremur eftir 1. ár í sjó en hrygnur eftir 2. ár í sjó (Mynd 4). Skiptingin á löxum eftir dvalartíma í sjó og eftir kyni var mismunandi eftir stöðum í vatnakerfinu (Töflur 1 - 5).

Bleikjugangan í teljara.

Fyrsta bleikjan kom eins og laxinn 3. júní en hún gengur að jafnaði seinna en laxinn (Mynd 2). Mest kom af bleikju í júlí og ágúst. Ganga bleikjunnar eins og laxins ræðst af magni svifaurs, rennsli og hitastigi í ánni (Mynd 2).

Alls gengu 913 bleikjur (Mynd 4), þar af 1 með plastmerki frá 1985, 8 bleikjur frá 1986 og 54 bleikjur merktar 1987. Tveir toppar komu í gönguna (Mynd 5). Fyrri toppurinn var þegar kynþroska bleikjan var á ferðinni. Seinni toppurinn var þegar ókynþroska bleikjan var að koma til veturnsetu.

### Urriðaganga í teljara

Sjóbirtingarnir voru fáir sem undanfarin ár, petta árið voru þeir 14 og þar af 3 með plastmerki frá 1987. Flestir komu í ágúst og september.

### Fjöldi fiska í vitjunum

Göngutíminn yfir sólarhringinn er nokkuð misjafn (Tafla 6). Mest kom af fiski seinni hluta dags.

### Aldursgreining

Hreistri var safnað i vatnakerfinu og ágæt mynd fékkst af aldurssamsetningunni. (Töflur 7 - 10). Uppistaðan í laxgengdinni var klakárgangur 1983 (Tafla 11). Flestir hafa dvalið fjögur ár í ferskvatni, 65,6 %, og eins og áður hefur komið fram koma hængar frekar eftir eitt ár úr sjó eða 74,1% og hrygnur koma frekar 2 ár úr sjó eða 61,6%.

### Veiði.

Veiðin í Blöndu var 1220 laxar sumarið 1988 (Tafla 12 og Mynd 6). Veiði í Blöndudal var 10 laxar, 61 bleikja og 8 staðbundnir urriðar og í Svartá voru veiddir 274 laxar. Laxgengd var allmikil í Blöndu og bleikjugengd mikil sumarið 1988 (Tafla 12).

### Umræður

Rannsóknir á fiskstofnum Blöndu hafa nú staðið óslitið í 7 ár. Þessi skýrsla greinir frá niðurstöðum rannsóknanna sumarið 1988. Helstu niðurstöður eru bornar saman við niðurstöður fyrri ára. Umræður um niðurstöður eru í lágmarki þar sem ítarleg umfjöllun

bíður heildarsamantektar þegar rannsóknartímabili fyrir virkjun lýkur.

Laxgengd í Blöndu var minni en síðustu ár þar á undan. Bleikjugengd var hins vegar sú mesta frá upphafi rannsóknanna. Minnkandi laxgengd er það sem búist hafði verið við (Sigurður Guðjónsson og Friðjón Már Viðarsson 1988). Þó kom meira af smálaxi (ársfiskur úr sjó) en reiknað hafði verið með. Stórlaxagengd ætti því að verða góð sumarið 1989. Um smálaxagengd er erfidara að spá, en árgangar sem gengu til sjávar vorið 1988 og koma sem smálax sumarið 1989 eru ekki sterkir. Smálaxagengd ræðst því mikil af því hvernig þeim seiðum reiðir af í sjónum.

Sumarið 1989 verða rannsóknir með líku sniði og undanfarin ár. Þó er gert ráð fyrir meiri áherslu á ýmsar tilraunir og rannsóknir á fiskræktarleiðum. Árangur helstu fiskræktarleiða sem færar eru í vatnakerfinu þarf að vera pekktur, ef til þess kæmi að bæta þyrfti hugsanlegt tap í fiskgengd og veiði með tilkomu Blönduvirkjunar.

## Heimildir

Friðjón Már Viðarsson og Sigurður Guðjónsson 1989.  
Seiðarannsóknir í Vatnakerfi Blöndu 1988.  
Veitimálastofnun. VMSTR-89011.

Sigurður Guðjónsson og Friðjón Már Viðarsson 1988.  
Rannsóknir á fiskstofnum Blöndu 1987. Göngufiskar.  
Veidiðimálastofnun. VMSTR-88011.

Sigurður Guðjónsson 1989. Fiskræktartilraunir í  
vatnakerfi Blöndu og árangur þeirra.  
Veðimálastofnun. VMSTR-89012.

Pórólfur Antonsson og Guðni Guðbergsson 1989.  
Fiskifræðilegar rannsóknir á sjó vötnum á  
Auðkúluheiði 1988. Veiðimálastofnun. VMSTR-89002x.

Tafla 1 Skipting laxa í teljara eftir dvalartíma í sjó og eftir kyni.

	<u>Hængar</u>		<u>Hryvanur</u>		<u>Alls</u>	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
<u>Smálax</u>						
Fjöldi	280		84			
% af smálaxi		76,9				
% af kyni		84,8		23,1		364
				38,7		66,5
<u>Stórlax</u>						
Fjöldi	50		133			
% af stórlaxi		27,3				
% af kyni		15,2		72,7		183
				61,3		33,5
Samtals	330		217			
						547

Tafla 2 Skipting laxa í stangveiði í Blöndu eftir dvalartíma í sjó og eftir kyni.

	<u>Hængar</u>		<u>Hryvanur</u>		<u>Alls</u>	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
<u>Smálax</u>						
Fjöldi	392		290			
% af smálaxi		57,4				
% af kyni		68,3		42,6		681
				44,8		55,8
<u>Stórlax</u>						
Fjöldi	181		347			
% af stórlaxi		33,7				
% af kyni		31,7		66,3		539
				55,2		44,2
Samtals	573		647			
						1220

Tafla 3 Skipting laxa í Blöndudal eftir dvalartíma í sjó og eftir kyni.

	<u>Hængar</u>		<u>Hrvanur</u>		<u>Alls</u>	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
<u>Smálax</u>						
Fjöldi	3		2		5	50
% af smálaxi		60		40		
% af kyni		60		40		
<u>Stórlax</u>						
Fjöldi	2		3		5	50
% af stórlaxi		40		60		
% af kyni		40		60		
Samtals	5		5		10	

Tafla 4. Skipting laxa í stangveiði í Svartá eftir dvalartíma í sjó og eftir kyni.

	<u>Hængar</u>		<u>Hrvanur</u>		<u>Alls</u>	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
<u>Smálax</u>						
Fjöldi	142		52		194	70,9
% af smálaxi		73,3		26,7		
% af kyni		86,8		47,1		
<u>Stórlax</u>						
Fjöldi	22		58		80	29,1
% af stórlaxi		27,0		73,0		
% af kyni		13,2		52,9		
Samtals	164		110		274	

Tafla 5 Skipting laxa í vatnakerfi Blöndu eftir dvalartíma í sjó og eftir kyni.

	Hængar Fjöldi	%	Hrygur Fjöldi	%	Alls Fjöldi	%
<u>Smá lax</u>						
Fjöldi						61,0
% af smálaxi	66,2		33,8			
% af kyni	76,7		43,6			
<u>Stórlax</u>						
Fjöldi						39,0
% af stórlaxi	31,5		68,5			
% af kyni	23,3		56,4			
Samtals	48.3		51.7			

Tafla 6 Skipting fisks sem merktur var í teljara eftir vitjunum.

	Lax	Bleikja	Urriði
<u>Vitjun kl.</u>			
7-8	81	14,8	45
12-13	136	24,9	236
17-18	172	31,4	366
22-24	158	28,9	203
Samtals	547	850	11

Tafla 7. Aldurssamsetning laxa í Svartá eftir hreisturlestri.

Ar í sjó	I		II		III		Fjöldi	%
	Ar í ánni	Hæ	Hr	Hæ	Hr	Hæ	Hr	
2								
3	2	2	4	3				11
4	10	1	1	7				19
5								
6								
Fjöldi alls	12	3	5	10				30
	%	50		50				

Tafla 8. Aldurssamsetning laxa í Blöndudal eftir hreisturlestri.

Ar í sjó	I		II		III		Fjöldi	%
	Ar í ánni	Hæ	Hr	Hæ	Hr	Hæ	Hr	
2								
3		1		1				2
4	2	1	2	1				6
5	1		1					2
6								
Fjöldi alls	3	2	2	3				10
	%	50		50				

Tafla 9. Aldurssamsetning laxa í teljara eftir hreisturlestri.

Ar í sjó	I		II		III		Fjöldi	%
Ar í ánni	Hæ	Hr	Hæ	Hr	Hæ	Hr		
2	1	1					2	1,7
3	19	1	4	9			33	27,5
4	25	18	10	27			80	66,7
5	3	2					5	4,2
6								
Fjöldi alls	48	22	14	36			120	
%	58,3		41,7					

Tafla 10. Aldurssamsetning laxa í vatnakerfi Blöndu eftir hreisturlestri.

Ar í sjó	I		II		III		Fjöldi	%
Ar í ánni	Hæ	Hr	Hæ	Hr	Hæ	Hr		
2	1	1					2	1,3
3	19	5	8	12			44	28,6
4	36	20	13	32			101	65,6
5	4	2					7	4,5
6								
Fjöldi alls	60	28	21	45			154	
%	57,1		42,9					

Tafla 11. Styrkur einstakra klakárganga í aldursgreindum laxi í vatnakerfi Blöndu 1988.


Hrygning ár	Klak ár	Blöndudalur fjöldi	Svartá fjöldi	Vatnakerfið Fjöldi	%
1980	1981	1	10,0	1	0,6
1981	1982	4	40,0	51	33,1
1982	1983	4	40,0	76	49,4
1983	1984	1	10,0	24	15,6
1984	1985			2	1,3

Tafla 12 Fiskgengd og veiði í vatnakerfi Blöndu 1982-1988.

	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988
Aætlaður heildarlaxastofn*	1173	1024	1003	2225	2955	2369	1909
Aætlaður heildarbleikjustofn#	-	400	-	802	811	723	1233
Veitt í Blöndu áð Svartá lax	854	503	522	766	1814	1243	1220
Teljari v/Ennisflúðir Lax	226	411	361	1103	1041	801	547
Bleikja	436	308	519	722	764	684	850
Urriði	13	13	23	14	35	17	11
Aætluð ganga um flúðir							
Fjöldi laxa	93	110	120	356	100	326	142
% ómerktra laxa	29.2	21.2	25.0	24.4	9.8	28.9	20.6
Fjöldi bleikja	-	92	-	80	49	39	383
% ómerktra bleikja	-	23.0	-	10.0	6.0	5.4	31.1
Veiddur lax í Blöndu o/Svartár	2	5	3	77	83	114	10
Veidd bleikja í Blöndu o/Svartár	31	31	3	45	130	56	61
Svartáteljari lax	31	74	129	313	204	-	-
Veitt í Svartá lax	55	153	131	330	388	462	274
Veitt í Svartá o/teljara	28	85	81	125	178	-	-
Veidiálag í Svartá o/teljjar %	-	-	62	40	-	-	-
Veidiálag í Blöndu n/flúðir %	73	49	52	34	61	52	64
Veidiálag af heildarstofni %	78	65	65	53	77	77	79


\* Vantar þann lax sem hugsanlega gengur eftir að teljari er tekin upp og þann lax sem verður eftir neðan flúða.  
# Vantar inn þá bleikju sem veidd er neðan flúða

## VATNAKERFI BLÖNDU



Mynd 1. Vatnakerfi Blöndu.


a) BLANDA, TELJARI




b)




c)






Mynd 2. Mælingar á a) vatnshita, b) sjóndýpi (rýni), c) laxagöngu og  
d) bleikjugöngu, við Ennisflúðir sumarið 1988.


FJÖLDI




Mynd 3. Dagleg uppsöfnuð laxaganga i teljara árið 1988.



Mynd 4. Lengdardreifing laxa sem gengu í Blönduteljara sumarið 1988 skipt eftir kynjun. Hængar styttri en 72 cm taldir sem eins árs úr sjó, lengri hængar tveggja ára úr sjó. Hrygnum skipt eins við 70 cm.



Mynd 5 . Dagleg uppsöfnuð bleikjuganga í teljara árið 1988.



Mynd 6. Heildar laxveiði á stöng í Svartá ····, Blöndu ——,  
í öllu vatnakerfi Blöndu --- árin 1959-1988 og áætluð  
heildar laxgengd 1982-1988 .....,